

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. janúar 2023
Málsnúmer: 202212-0021
SS/SKV/KHS

Efni: Umsögn um frekari gögn vegna framkvæmdar á vatnsmiðlun í Fáskrúð.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 14. desember 2022, þar sem óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands veiti umsögn um ný gögn er varða framkvæmd við vatnsmiðlun í ánni Fáskrúð í Dölum. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um mats skyldu framkvæmdarinnar þann 8. mars 2022 og gerði þar ýmsar athugasemdir. Framkvæmdaaðili hefur brugðist við athugasemdunum og eru þau viðbrögð meðal nýrra gagna ásamt tveimur skýrslum sem unnar voru í kjölfar athugana í sumar, annars vegar skýrslu um athugun á fuglalífi og gróðurfari á framkvæmdasvæðinu og hins vegar skýrslu um áhrif framkvæmdarinnar á lífríki ána.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér viðbótargögnin og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Flestum athugasemdum Náttúrufræðistofnunar hefur verið svarað t.d. eru ágætis svör um vatnsrennsli, áhrif miðlunarinnar á fossa og áhættu á jarðvegsfoki. Einnig er útskýrt ítarlega áætluð efnisþörf fyrir mismunandi framkvæmdaliði.

Varðandi áhrif á óbyggð víðerni er leitarhúsið og vegslóðinn vissulega mannvirki sem skapa einhverja skerðingu á víðernisupplifun nú þegar, þá einkum umferð á vegslóðanum. Leitarhúsið er á gráu svæði og má deila um hvort núverandi skilgreining náttúruverndarlaga á víðerni heimili ekki svo lítil og látlaus mannvirki. Það verður að segjast að um mjög minni háttar áhrif er að ræða af þessum mannvirkjum, sem sömuleiðis auðvelt væri að gera afturkræf með því að loka vegslóðanum. Áhrif af virkjun verða mun meiri með tilkomu manngerðs lóns. Hönnun og frágangur getur þó dregið úr þeim ef vel er að því staðið.

Varðandi áhrif á lífríki þá bæta athuganir frá síðasta sumri við nánari upplýsingum um fuglalíf. Náttúrufræðistofnun telur þó að ítarlegra hefði mátt greina frá niðurstöðunum og t.d. vantar alveg að sýna á korti hvar athuganir á fuglum fóru fram. Ekki virðist sem gengið hafi verið eftir sniðum á skipulagðan hátt heldur „litið eftir fuglum“ eins og það er orðað.

Það skýtur skökku við að í svörum framkvæmdaaðila við umsögn Náttúrufræðistofnunar segir „samkvæmt skýrslunni fundust hvorki álft né himbrimi á svæðum sem munu verða fyrir raski“. Í skýrslunni kemur nefnilega skýrt fram að sést hafi álftapar innan lónstæðis í fyrri athugunarferðinni. Ekki sást til þess í þeirri síðari þannig að óvíst er hvort parið hafi verpt á svæðinu eða ekki. Náttúrufræðistofnun taldi álftir úr flugvél á sniðum milli Hvammsfjarðar og Hrutafjarðar sumarið 2012. Þá lágu tvær fluglínur nálægt fyrirhuguðu lónstæði og tvö álftapör voru skráð skammt frá lónstæðinu. Ekki sáust hreiður en þarna er þó greinilegt varpkjörlendi álfta enda pör með unga á nálægum svæðum (1-2 km frá lónstæðinu). Á sömu slóðum sáust 18 geldfuglar þannig að svæðið er sannarlega hluti af því mikilvæga fuglasvæði sem skilgreint hefur verið á Laxárdalsheiði og sem Náttúrufræðistofnun hefur að stórum hluta tilnefnt fyrir B-hluta náttúruinjasrár.



Um fjöllum um gróðurfar svæðisins í skýrslunni er þokkaleg en gagnlegt hefði verið að sýna kort og meta t.d. umfang þeirra vistgerða sem munu raskast við stíflugerðina, sér í lagi þeirra vistgerða sem hafa hátt verndargildi. Augljóst er að myndarlegt votlendi mun raskast þar sem það er innan lónstæðis. Framkvæmdaaðili ætti að skilgreina mótvægisáðgerðir til að vega upp tap á votlendi t.d. með endurheimt votlendis á öðrum svæðum eins og við á.

Í skýrslu um áhrif á lífríki segir að það „gæti þurft að horfa til samlegðaráhrifa“. Náttúrufræðistofnun benti einmitt á þetta í sinni umsögn sinni og vísaði þar til áforma um vindorkugarða í nágrenninu. Í svörum framkvæmdaaðila er ekki rætt hvernig t.d. samlegðaráhrif á fuglalíf gætu orðið en ljóst er að allmargar framkvæmdir sem rýra búsvæði fugla eru nú áformaðar á Laxárdalsheiði og mjög mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar að ekki sé horft fram hjá hver heildaráhrif verða á mikilvæga fuglasvæðið sem þar er skilgreint.

Náttúrufræðistofnun gerði í upphaflegri umsögn sinni ekki sérstakar athugasemdir við áhrif á lífríki ána þ.m.t. fiskstofna, en tekur nú undir ábendingar sem Hafrannsóknarstofnun gerði í sinni umsögn. Þeim ábendingum er að einhverju leyti svarað með vísun í skýrslu Fiskirannsóknna en Náttúrufræðistofnun telur að í þá skýrslu vanti betri greiningu á því hvernig metið sé að áhrifin verði við þessa framkvæmd. Í skýrslunni er almennt fjallað um áhrif miðlunarlóna á lífríki í ám, lýst því sem vitað er um áhrif af öðrum miðlunarlónum á Íslandi og fjallað um lífshætti urriðans. Þá er spáð fyrir um hver möguleg áhrif miðlunarlónsins á urriða og hornsíli gæti orðið. Ekkert er fjallað um þau atriði sem Hafrannsóknarstofnun er að benda á þ.e. hversu mikil áhrif vatnsmiðlunin mun hafa á virk búsvæði laxa og afkomu laxaseiða í Fáskrúð. Það skýtur því skökku við að vísa í skýrsluna varðandi þá athugasemd þar sem hún ávarpar ekki þau atriði.

Sambærilegt dæmi er að í viðbrögðum framkvæmdaraðila er vísað í skýrslu Fiskirannsóknna og sagt að „með stjórnun rennslis er hægt að koma í veg fyrir aföll vegna t.d. fæðuskorts og afráns“. Þessa fullyrðingu er ekki hægt að finna í viðkomandi skýrslu.

Í skýrslu Fiskirannsóknna er rætt um jákvæð eða engin áhrif miðlunar í Andakílsá en rétt er að benda á að þar losnaði fram aurkeila sem myndaðist vegna miðlunar og hafði mikil áhrif á fiskistofna í ánni í nokkurn tíma á eftir. Gera má ráð fyrir að svipuð aurkeila geti myndast í lóni í Fáskrúð með tíð og tíma. Æskilegt væri að gera grein fyrir hvernig eigi að fjarlægja slíkar aurkeilur og koma í veg fyrir að þær skemmi búsvæði neðar í ánni. Einnig væri rétt að gera grein fyrir hvort og hvernig búsvæði neðan stíflu muni endurnýja sig. Möl og grjót eru mikilvægir þættir í hrygningarsvæðum í ám, en stíflur geta hindrað eðlilega endurnýjun slíkra svæða.

Rétt er að nefna að laxastofnar hvefrrar ár hafa aðlagast því náttúrulega rennslismunstri sem þar er að finna. Breytingar á því munstri geta haft afleiðingar sem mjög erfitt er að spá um hverjar verða.

Í skýrslu Fiskirannsóknna kemur vissulega fram sú niðurstaða að framkvæmd geti haft jákvæð áhrif á seiðabúskap árinna. Þessi niðurstaða er hins vegar ekki studd neinum gögnum heldur aðeins vísað í eina skýrslu (Halla M. Jóhannesdóttir & Magnús Jóhannsson “Smávirkanir og áhrif þeirra á lífríki í vatni” Veidimálastofnun, mars 2015) og tekur úr henni ályktanir sem er algerlega óvíst að eigi við Fáskrúð.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er óheppilegt að svör framkvæmdaaðila séu ekki að hafa rétt eftir þeim gögnum sem vísað er í, eða bent á að fullyrðingar séu rökstuddar í gögnum þegar svo er ekki.

Áhrif framkvæmdarinnar einnar og sér á gróðurfar og fuglalíf eru kannski ekki viðamikil en um óafturkræft rask búsvæða er engu að síður að ræða og taka þarf betra tillit til sammögnunaráhrifa vegna annarra áætlaðra framkvæmda, í ljósi þess að svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis. Þá verður sú litla skerðing sem í dag er á óbyggðu víðerni aukin töluvert við framkvæmdina.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að styrkja forsendur fyrir laxveiði með því að breyta náttúrulegu vatnafari. Mjög mikilvægt er að til staðar séu sannfærandi gögn um að framkvæmdin muni leiða af sér jákvæð áhrif fyrir fiskistofna. Þau viðbótargögn sem hér eru lögð fram eru ekki fullnægjandi að mati Náttúrufræðistofnunar og er þar m.a. vísað í að ekki sé öllum ábendingum Hafrannsóknarstofnunar svarað að fullu. Í ljósi fagþekkingar varðandi fiskistofna og áhrif framkvæmda af þessum toga á þá, mun umsögn Hafrannsóknarstofnunar um þessi viðbótargögn og tilgang og trúverðugleika framkvæmdarinnar skipta sérstaklega miklu máli þegar kemur að því að úrskurða endanlega um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Þá má benda á að æskilegt væri að framkvæmdaraðili setji fram áætlun um vöktun áður en framkvæmd hefst og sinni vöktun eftir að framkvæmd lýkur, til að ganga úr skugga um að framkvæmd skili tilætluðum árangri. Ef árangur næst ekki ætti að vera til áætlun um hvernig ætti að rífa stíflu og koma svæðinu til fyrra horfs.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs